



**Þjóðviljinn 9. janúar 1953 - Eiga Íslendingar að stofna her til þess að hrekja bandaríska hersnámsliðið úr landi, Þjóðviljinn 13. janúar 1953 - leiðari - Draumur auðstéttarinnar.**

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Utanríkisráðherra – Utanríksmál – Þjóðviljinn – Úrdráttur – Leiðaði - Greinar – Hernámslið – Her – Auðstétt - 1953

---

**Tekið af vef Borgarskjalasafnsins**

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-12, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þjóðviljinn, 9. janúar 1953.

EIGA ÍSLENDINGAR AÐ STOFNA HER TIL ÞESS AÐ HREKJA BANDARISKA  
HERNAMSLIÐIÐ ÚR LANDI?  
-----

Morgunblaðið - blaðið sem ekki gat með einu orði  
aldarafmælis Þjóðfundarins en birti í staðinn afmælisgrein um  
spilavíðtið í Monte Carlo - gerist svo djarft í gær að nefna  
Jón Sigurðsson. Og það nefnir meira að segja Jón Sigurðsson til  
stuðnings áróðri sínum fyrir stofnun íslenzks hers.

Það er rétt að Jón Sigurðsson minntist á þann mögu-  
leika að stofna íslenzka her, en sú hugsun var einn þáttur  
í baráttu hans gegn danskri kúgun. / Hugmynd hans var sú að til þess gæti komið að  
Íslendingar yrðu að sigra  
danskt lið með valdi og þyrftu að búa sig undir það. Hann  
varð að vísu að fara varlega í að túlka hugmynd sína á þennan  
hátt, þar sem hann var danskur embættismaður, en þetta kemur  
hinsvegar mjög ljóst fram í ritgerð sem Indriði Einarsson  
skrifaði sem ungur stúdent um þetta mál.

Í stað danskrar kúgunar er nú komin bandarísk kúgun.  
Hliðstæð hugmynd þeirra sem Jón Sigurðsson bar fram er sú  
að Íslendingar stofni her til þess að hrekja bandaríska her-  
namслиðið úr landi. Er það ef til vill sú hugsun sem Morgunblaðið  
á við með ívitnun sinni og forustugrein í gær?

Þjóðviljinn þriðjudaginn 13. janúar 1953. (leiðari)

DRAUMUR AUFSTETTARINNAR.

Morgunblaðið hefur átt næsta erfitt síðan Bjarni Benediktsson lýsti í áramótahugleiðingu sinni yfir því, að valdaklíka stjórnsmálaflokkanna hefði nú í undirbúningi stofnun og starfrækslu íslensks hers til þess að berjast við Rússa og íslenska ~~Væx~~ verkafélshreyfingu. Það hefur vitanlega ekki farið framhjá ritstjórn blaðsins að þessi hernaðarhugsjón utanríkisráðherrans mætti takmörkuðum skilningi hjá almenningi og eru þá fylgjendur Sjálfstæðisflokksins ekki undanskildir.

Það var þá sem Valtýr Stefánsson mundi loks eftir Jóni Sigurðssyni. Ritstjórnin gróf upp 110 ára gömul ~~upmæli~~ forsetans og birti þau til stuðnings hervæðingahugsjón Bjarna Benediktssonar. Þjóðviljinn leyfði sér þá ónægðni við Morgunblaðið að benda á, að það sem fyrir Jóni Sigurðssyni vakti var hvorki hernaður á hendur landsmönnum sjálfum eða öðrum þjóðum sem ekkert höfðu á hluta Íslendinga gert í nokkurri grein. Hugmynd forsetans var þvert á móti sú að Íslendingar gætu varizt yfirgangi þáverandi herrapjóðar og kúgara Íslendinga, Dana. Benti Þjóðviljinn á að hliðstætt þessari hugmynd Jóns Sigurðssonar fyrir 110 árum væri helzt það að Íslendingar stofnuðu hér til þess að hrekja hið ameríska hernámlið burt af Íslandi nú.

Þegar bent er á þessa staðreynd og hugsjón Bjarna Benediktssonar þar með svipt þeim stuðningi sem Morgunblaðið ætlaði henni í orðum Jóns Sigurðssonar verður Valtýr Stefánsson gripinn venjulegri vanstillingu. Kemst hann að þeirri niðurstöðu í Reykjavíkurbréfi sínu á sunnudaginn að af þessari ábendingu verði "ekki annað ráðið" en að kommunistar vilji eftir allt saman stofna íslenskan her". En skilyrði þess sé að hann verði notaður til að berjast við Bandaríkjamenn. Segir Valtýr að lokum að aldrei hafi "annar eins regin fíflskapur sézt á prenti í íslensku blaði."

Þjóðviljinn hefur aldrei borið fram tillögu um að stofnaður yrði her á Íslandi. Þvert á móti hefur hér í blaðinu verið lagzt fast gegn því að hugsjón Hermanns Jónassonar og Bjarna Benediktssonar um stofnun "Þjóðvarnarliðs" eða íslenzks hers yrði framkvæmd. Og sú afstaða hefur hlotið öflugan hljómgrunn í hugum <sup>allra</sup> öspilltra Íslendinga, sem hvorki æskja þess að tekin verði að nýju upp mannvíg á Íslandi né landsmenn eigi þátt í hervirkjum eða nokkurs konar áreitni á hendur öðrum þjóðum. Það var vegna þessara undirtekta fólksins í landinu sem Morgunblaðið skákaði fram ummælum Jöns Sigurðssonar fyrir 110 árum og sem urðu Þjóðviljumanum tilefni til að hressa upp á söguskilning Valtýs Stefánssonar.

Það er athyglisvert í þessu sambandi þótt það þurfi engum að koma á óvart, að eins og Valtýr og blað hans er því eindregið fylgjandi að komið verði upp yfirstéttarher til þess að berjja á íslenzkum verkalyð og beita hann hverskonar ofbeldi, og sömu leiðis til þess að fara með ófriði á hendur þjóðum, sem aldrei hafa sýnt Íslendingum nema velvæld, telur hann það mestu fjarstæðu og "fíflskap" kámi einhverjum Íslendingi til hugar að blaka við því bandaríska herliði sem sezt hefur að á Íslandi og treður undir fótum allt það sem þjóðinni er helgast. Þá er komið viðkvikuna í sál Valtýs Stefánssonar og þeirra sem stýra þenna hans. Þá er aþlur áhugi fyrir því að vopna Íslendinga rokinn út í veður og vind. Þetta lýsir vel þeirri auðmjúku þjónustu við kúgara Íslands sem Morgunblaðið og Sjáflstæðisflokkurinn hefir genzt undir, en sér fram á að erfiðlega muni veitast að gegna í framtíðinni með árangri nema með tilstilli vopna og ofbeldis.

Þannig hefur sú tilsögn í sögu sem Þjóðviljinn veitti Valtý og blaði hans orðið til þess að fletta einu sinni enn ofan af því landráðadóti sem kennir sig við sjálfstæði landsins en ~~XXX~~

veitir bandarísku auðvaldi alla þá þjónustu er það má gegn  
Íslendingum. Eftir áramótagrein Bjarna Benediktssonar og  
skrif Morgunblaðsins um málið þarf enginn að vera í efa  
um hvað fyrir valdaklíkunni vakir. Öll þrá hennar stendur  
til þess að koma upp íslenskri herdeild til aðstoðar þeim sem  
níðzt hafa á Islandi og Íslendingum en þó umfram allt til þess  
það veita yfirstétt landsins fulltingi í átökum hennar við  
íslenska alþýðu.

En það er þjóðarinnar að sjá svo um að sá draumur auð-  
stéttarinnar og flokka hennar verði aldrei að veruleika.  
Til þess hefur hún valdið og það ber henni að nota þegar gengið  
verður að kjörborðinu á næsta <sup>veri</sup> ~~væri~~.